

Fundur Öldungaráðs 28.ágúst 2019 kl. 15.00

Mættir:

Elínbjörg Ingólfssdóttir, Gylfi Ingvarsson, Valgerður Sigurðardóttir, Þórdís B. Kristinsdóttir, Guðlaug Steinsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir og Þórarinn Þórhallsson.

Dagskrá:

1. Óskað er umsagnar Öldungaráðs um akstursþjónustu fyrir eldri borgara. Hvernig er þjónustan að nýtast, hvað er gott og hvað má bæta?

Öldungaráð samþykkir breytingar sem eiga að verða á akstursþjónustu eldri borgara til betri vegar.

Öldungaráð leggur áherslu á að réttur eldri borgara til akstursþjónustu eftir að þeir eru fluttir á hjúkrunarheimili haldist óbreyttur.

2. Fundir Öldungaráðs

Fundartími Öldungaráðs verður kl. 14.30 í Skerseyri, fundarherbergi Fjölskylduþjónustunnar að Strandgötu 6.

Að gefnu tilefni, áréttar Öldungaráð, að samkvæmt reglugerð um Öldungaráð sem samþykkt var af Fjölskylduráði þann 15.mars síðastliðinn. Í þriðju grein reglugerðarinnar, segir að stjórnarfundir skulu haldnir einu sinni í mánuði að jafnaði og oftast ef þurfa þykir að mati stjórnar. Samkvæmt fimmtu grein reglugerðarinnar skulu stjórnarmenn Öldungaráðs taka laun samkvæmt reglum bæjarins vegna setu í nefndum á vegum Hafnarfjarðarbæjar

3. Önnur mál

Verkefnið „Brúkum bekkinn“. Framhald frá síðasta fundi. Gylfi Ingvarsson kynnti fyrir Öldungaráði stöðu mála varðandi verkefnið. Erfitt hefur verið að finna staðsetningu fyrir „verðlaunabekkin“. Heppileg staðsetning væri við enda strandstígsins en Hleinarnar eru friðlýstar. Framkvæmdaráð Hafnarfjarðar samþykkti tillöguna varðandi staðsetningu en vísaði erindinu til Umhverfisstofnunar til umsagnar.

Öldungaráð fagnar staðsetningu bekkjarins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 15.52

Fundargerðin lesin upp og samþykkt af fundarmönnum.